

Sjálfstæðisfélag Garðabæjar
Skýrsla stjórnar
2023 - 2024

Flutt á aðalfundi 5. júní 2024



Efnisyfirlit

| | |
|--|---|
| Inngangur..... | 2 |
| I. Aðalfundur..... | 2 |
| II. Stjórnarfundir..... | 2 |
| III. Viðburðir á starfsárinu..... | 3 |
| Opnir fundir félagsins..... | 3 |
| Heimsóknir til ráðherra..... | 4 |
| Flokksráðsfundur..... | 4 |
| VII. Heimasíða, fjölmiðlar og samfélagsmiðlar..... | 4 |
| VIII. Þakkir..... | 5 |

Inngangur

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir helstu störfum stjórnar Sjálfstæðisfélags Garðabæjar sem tók við stjórnartaumum á aðalfundi félagsins þann 6. júní 2023.

I. Aðalfundur

Aðalfundur Sjálfstæðisfélags Garðabæjar var haldinn 6. júní 2023 í félagsheimilinu að Garðatorgi 7. Formaður félagsins, Sigríður Indriðadóttir, gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formannsstarfa en starfaði þó áfram sem almennur stjórnarmaður.

Á fundinum var kosin ný stjórn og stjórnarmönnum fjölgað. Margir nýjir aðilar komu inn í stjórnina og sú breyting var gerð að einn fulltrúi úr hópi bæjarfulltrúa starfar með stjórninni.

Í stjórn félagsins voru kosin:

Torfi Geir Símonarson, formaður
Vera Rut Ragnarsdóttir, varaformaður

Aðrir stjórnarmenn:

Bjarni Th. Bjarnason
Eva Björg Torfadóttir
Eydís Sigurðardóttir
Guðjón Máni Blöndal
Haukur Þór Hauksson
Helga Ólafsdóttir
Jóhann Jónsson
Laufey Johansen
Ólafur Stefánsson
Sigríður Indriðadóttir
Sigþrúður Ármann
Steinunn Vala Sigfúsdóttir
Tómas Jónasson
Vordís Eiríksdóttir

Á aðalfundinum voru þeir Eysteinn Haraldsson og Sigurður Guðmundsson kosnir skoðunarmenn reikninga.

II. Stjórnarfundir

Stjórnin lítur á það sem eitt af sínum meginhlutverkum að halda fjölbreytta viðburði þar sem bæjarbúar geta átt samtöl við bæjarfulltrúa, þingmenn og ráðherra flokksins og skipulagði starf sitt út frá því líkt og fyrri ár.

Auk þess voru samskipti við bæjarstjórn aukin. Þannig funduðu formaður og varaformaður með bæjarstjóra og formanni bæjarráðs strax í upphafi starfsársins til að leggja línur um samstarfið.

Stjórnin hóf svo vetrarstarfið í september með vinnudegi þar sem grunnurinn að dagskrá vetrarins var mótaður.

Stjórnin fækkaði formlegum stjórnarfundum sínum niður í mánaðarlegan fund að jafnaði en mikil samskipti eru frá degi til dags hjá stjórninni í gegnum messenger-hóp.

III. Viðburðir á starfsárinu

Opnir fundir félagsins

Laugardagsfundir eru rótgróinn hluti af starfi félagsins. Þetta fundarform er algengt meðal Sjálfstæðisfélaga um land allt þó tíðni og fjöldi funda sé mismunandi. Mikill munur er á mætingu eftir frummælenda og dagskrá og hin síðari ár hefur frekar dregið úr. Það má því velta fyrir sér hvort félögin þurfi ekki að finna fleiri leiðir til að miðla til flokksmanna en hið klassíska fundarform.

Á starfsárinu voru haldnir sjö almennir Laugardagsfundir:

- 23. september - Bjarni Benediktsson, þá fjármálaráðherra
- 21. október - Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, utanríkisráðherra
- 18. nóvember - Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra
- 20. janúar - Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku og loftslagsráðherra
- 10. febrúar - Bryndís Haraldsdóttir, þingmaður og formaður allsherjar- og menntam.nefndar
- 9. mars - Diljá Mist Einarsdóttir, þingmaður og formaður utanríkismálanefndar
- 11. maí - Guðrún Hafsteinsdóttir, dómsmálaráðherra

Hið vinsæla jólasúkkulaði haldið 2. desember þar sem margt var um manninn og mikill gestagangur. Páskaeggjaleit Sjálfstæðisfélagsins fór svo laugardaginn 23. mars en aldrei hafa fleiri tekið þátt. Þess má geta að öll eggin kláruðust þrátt fyrir óbreyttan fjölda frá fyrra ári en hingað til höfðu nær alltaf verið afgangsgg sem gefin voru til kirkjunnar.

Þriðjudagsfundir hafa verið helgaðir bæjarmálunum og lagt var upp með að halda einn þriðjudagsfund í mánuði. Hugmyndin með fundartímanum var að ná frekar til barnafólks sem hugsanlega á erfitt um vik með að mæta á laugardagsmorgnum.

Bæjarmálafundirnir urðu samtals sjö talsins í á starfsárinu:

- 12. september - Almar Guðmundsson, bærarstjóri, almennur fundur
- 10. október - Gunnar Valur Gíslason og Harpa Rós Gísladóttir, fjölskyldumálin
- 7. nóvember - Almar Guðmundsson, fjárhagsáætlun Garðabæjar 2024
- 15. nóvember - Margrét Bjarnadóttir, breytt starfsumhverfi leikskóla
- 30. janúar - Spurt og svarað með bærarstjóra og bærarfulltrúum
- 27. febrúar - Hrannar Bragi Eyjólfsson, íþróttir, frístundir og forvarnir
- 23. apríl - Sigríður Hulda Jónsdóttir, grunnskólar

Til viðbótar við þá viðburði sem haldnir voru af félaginu var samstarf við félögin í Hafnarfirði og Kópavogi aukið. Þannig kallaði stjórn Sjálfstæðisfélags Kópavogs eftir samtali um aukið samstarf varðandi laugardagsfundir en þau hafa verið með vikulega fundir um árabil. Á vorönn gerðu félögin tilraunir með að skipta laugardögum sínum á milli og gekk það afar vel.

Stefna félaganna er að auka enn á samstarfið næsta vetur. Þannig verði félögin í Garðabæ og Hafnarfirði með einn laugardagsfundir í mánuði, að jafnaði, en Kópavogur tvo. Fundirnir verði þá haldnir í nafni félaganna allra í sameiningu og auglýstur til allra félagsmanna á svæðinu t.a.m. með tölvupóstum. Með þessu er ætlunin að bæta enn frekar samstarf og samgang Sjálfstæðisfólks í þessum nágrannasveitarfélögum og stuðla að metnaðarfullri dagskrá. Sameiginlegt skipulag minnkar að auki líkurnar á að sami ráðherra sé fenginn á fund, jafnvel sitthvoru megin við Arnarneshæðina með sömu kynninguna með stuttu millibili.

Heimsóknir til ráðherra

Stjórn félagsins lagði áherslu á að efla stjórnina með heimsóknum til ráðherra. Þannig var farið í heimsókn til Guðlaugs Þórs í Umhverfissráðuneytið og Áslaugar Örnú í Háskóla- iðnaðar og nýsköpunarráðuneytið. Fleiri heimsóknir voru á dagskrá, t.d. til Bjarna, Þórdísar og á Alþingi en óvissa og breytingar innan ríkisstjórnarinnar urðu því miður til þess að þessar heimsóknir urðu ekki. Þessu verður að öllum líkindum kippt í liðinn á næsta starfsári.

Flokksráðsfundur

Í ágúst 2023 var haldinn flokksráðsfundur. Einhverjir stjórnarmenn höfðu seturétt á fundinum en á fundinum fór fram umræða um stjórn málaályktun. Auk þess voru málefni Úkraínu og öryggis- og varnarmál í brennidepli á fundinum. Næsti flokksráðsfundur verður haldinn í ágúst næstkomandi og stefnt er að Landsfundi í febrúar 2025.

Námskeið - virkjum það besta

Á haustönn var gerð tilraun með að bjóða upp á valdeflandi námskeið fyrir konur í félaginu. Takmarkaður fjöldi komst að en á námskeiðinu var fjallað um vellíðan og hamingju, hugrekki og heilbrigð mörk, tjáningarfærni, streitustjórnun og sjálfsumhyggju. Sigríður Indriáadóttir, stjórnarmaður, sá um námskeiðið en hún er mannauðsfræðingur, stjórnendapjálfi og hefur víðtæka reynslu af sambærilegum störfum. Sigríður ásamt Eydísi Sigurðardóttur stjórnarmanni héldu utan um námskeiðið og sérstakur gestur á síðasta kvöldinu var Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, utanríkisráðherra og varaformaður flokksins. Góð þátttaka var á námskeiðinu og fjölmargar konur sem tóku þátt hafa síðan orðið fastagestir á viðburðum og fundum félagsins. Sambærileg námskeið voru haldin á árum áður og geta verið góð leið til að kynna nýja félagsmenn fyrir starfinu, félaginu og flokknum á öðruvísi hátt en almennir fundir.

VII. Heimasíða, fjölmiðlar og samfélagsmiðlar

Vefsíða félagsins, www.gardar.is, samfélagsmiðlar og tölvupóstur voru notuð til að auglýsa viðburði og fjalla um starfsemi félagsins. Flestir viðburðir eru einnig auglýstir í

Garðapóstinum en félagið hefur átt í góðu samstarfi við Garðapóstinn. Í upphafi árs voru auglýsingapláss vetrarins bókuð fyrirfram til að tryggja að félagið eigi alltaf pláss í þessu helsta héraðsblaði Garðbæinga.

VIII. Þakkir

Stjórn Sjálfstæðisfélags Garðabæjar hefur verið virk í störfum sínum og þó stjórnin sé samkvæmt lögum félagsins skipt í aðalstjórn og varastjórn þá hefur sú hefð skapast að allir stjórnarmenn eiga jafnt sæti þegar kemur að störfum stjórnar.

Haukur Þór Hauksson, Guðjón Máni Blöndal, Helga Ólafsdóttir og Ólafur Stefánsson munu hverfa úr stjórn félagsins á aðalfundi. Eru þessum fráfarandi stjórnarmönnum færðar bestu þakkir fyrir gott og gefandi starf í þágu félagsins og Garðabæjar í gegnum árin. Þá eru Hauki Þór færðar sérstakar þakkir fyrir þau sértæku verkefni sem hann hefur haldið utan um varðandi hin svokölluðu listamál, þ.e.a.s. skrár á fulltrúum í fulltrúaráð, kjördæmisráð, flokksráð og fleiri tengd verkefni.

Eymundur Sveinn Einarsson sér um fjármál félagsins og mun gera það áfram og kunnum við honum bestu þakkir fyrir störf hans fyrir félagið.

Fyrir hönd stjórnar þökkum við oddvitanum okkar Almari Guðmundssyni sem og öllum bæjarfulltrúunum okkar fyrir frábært samstarf í vetur og hlökkum til áframhaldandi samstarfs við þau á komandi vetri. Nú hyllir undir að kjörtímabil sveitastjórna sé hálfnað og það verður gaman að taka stöðuna með þeim í haust og fara yfir hvað hefur áunnist og hvaða verkefni eru fram undan á seinni hluta kjörtímabilsins.

Eins þökkum við þeim ráðherrum, þingmönnum og öðru forystufólki flokksins sem sótt hefur okkur heim kærlega fyrir komuna og gott samstarf.

Að lokum langar mig að þakka samstarfsfólki mínu í stjórn Sjálfstæðisfélagsins fyrir gott samstarf og þeirra framlag í viðburðum vetrarins. Það eru mörg handtök sem þarf til að vinna jafn metnaðarfullt starf og Sjálfstæðisfélag Garðabæjar vill standa fyrir og það er ekki sjálfsagt að fólk gefi af tíma sínum.

Kæru fundarmenn. Við getum sannarlega verið stolt af starfinu okkar í Sjálfstæðisfélagi Garðabæjar. Félagið hefur verið þekkt um árabil fyrir öflugt, sýnilegt og framúrskarandi starf. Þannig verður það áfram.

Kærar þakkir.

Garðabæ, 5.júní 2024

Torfi Geir Símonarson, formaður Sjálfstæðisfélags Garðabæjar